



## Fundargerð

215. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 26. október 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

### Dagskrá:

1. Hæstaréttardómur
2. Tjarnarbraut framkvæmdir
3. Innkomin erindi og upplýsingar
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:06

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Hæstaréttardómur

*Framlögð gögn:* Mál nr. 94/2016

Fimmtudaginn 20. október 2016

**Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. og Fljótshérað** (Jón Jónsson hrl.)

gegn

**Lánasjóði sveitarfélaga ohf.** (Heiðar Örn Stefánsson hrl.)

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjendur, Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. og Fljótshérað, greiði stefnda, Lánasjóði sveitarfélaga ohf., 1.000.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stjórn hefur meðtekið úrskurð Hæstaréttar.

### 2. Tjarnarbraut - framkvæmdir

Framkvæmdastjóri sýndi myndir af verkinu og fór yfir framgang verksins sem gengur samkvæmt áætlun.



### 3. Innkomin erindi og upplýsingar

- a) Umsögn Samorku um drög að reglugerð um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi dagsett 31. ágúst 2016. Lagt fram til kynningar.
- b) Heimildaöflun vegna kaldavatnssölu Héraðs. Lagt fram til kynningar.

### 4. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Kurlvinnsla vegna Skógarorku – tímabundin vandamál hjá Tandrabergi sem orsakar rekstrartruflanir í kyndistöðinni. Framhaldið rætt um þá stöðu sem er uppi og hvernig hægt er að fjármagna þær framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í til að mögulegt sé að bæta rekstraröryggi.
- b) Framkvæmdastjóri lagði fram útreikninga á kostnaði HEF ehf. við raforkukaup. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning að útboði á rafmagnskaupum HEF ehf. Stjórn HEF ehf. beinir því til bæjarráðs að hlutast til um að iðnaðar- og atvinnusvæðið frá Selhöfða að Barra (sem er innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins) verði skilgreint sem þéttbýlisgjaldsvæði fyrir raforkukaup.
- c) Framkvæmdastjóri verður í orlofi 2. til 8. nóvember n.k.

### 5. Önnur mál

- a) Gunnar Jónsson formaður sagði frá kynningu Orkustofnunar með bæjarfulltrúum á orkunýtingu og orkuflutningi á svæði sveitarfélagsins. Stjórn HEF ehf. telur áhugavert að skoða orkunýtingarkosti sem mögulegir eru innan sveitarfélagsins.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:15

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.